

## Stjórnarfundur 22. nóvember 2010 kl 21:00

### - Skilafundur eldri stjórnar -

Mættir: Rannveig fráfarandi stjórnarkona.

Sæborg, Mínerva, Björg, Ingvar Þ. Gunnlaugsson,  
Sigurður Kristmundsson og Guðfinna Einarsdóttir

#### 1. Mál.

Stjórn skiptir með sér verkum.

- Ingvar formaður.
- Björg varaformaður.
- Sigurður gjaldkeri.
- Sæborg ritari.
- Mínerva meðstjórnandi.
- Guðfinna meðstjórnandi.
- Jóhannes Gunnar Sveinsson meðstjórnandi.

#### 2. Mál.

Jólafondur 27. desember 2010. Haldið í sal grunnskólans frá 10 – 13.

- rætt um að taka fyrir á næsta aðalfundi félagsins hvort foreldrar vilji halda áfram að hafa kaffihlaðborð á jólafondri sem fjáröflun félagsins.
- Guðfinna tekur að sér að panta svala, pappadiska, glös, gaffla, kaffi, mjólk og servíettur í Nettó.
- Björg tekur að sér að búa til auglýsingu fyrir fönndið og senda tilkynningu um það á Þorstein (heimasíða Grindavíkurbæjar) og Gauju á skrifstofu skólans.
- Ingvar ætlar að prenta út auglýsingu og hengja hana upp í Nettó og verslunarmiðstöð.
- Sigurður ætlar að útvega límband til að líma dagblöð á borð í sal skólans.
- Allir stjórnarmeðlimir koma með það sem þeir eiga af dagblöðum, krukum undir vatn og krukulokum undir málningu.
- Ingvar og Sigurður útbúa verðlista fyrir fönndur og kaffihlaðborð. Föndurpoki 400 kr. Jólakúla 50 kr. Kaffihlaðborð fullorðin 500 kr. Kaffihlaðborð barn 250 kr. Stakur svali 100 kr. Kaffi 100 kr.
- Sigurður sér um að útvega skiptimynt. 20 þús í 100 kr. 10 þús í 50 kr.
- Mínerva tekur að sér að athuga með hvað er til af málningu og lími síðan í fyrra og panta meira hjá A4 ef þess þarf.

#### 3. Mál.

Afþreying fyrir yngra og eldra stig í boði foreldrafélagsins.

- Sæborg tekur að sér að senda póst á Möguleikhúsið og athuga með leiksýningu fyrir yngra stig (1 – 4 bekk). Lætur svo Ingvar vita svo hann geti talað við Pál Leó skólastjóra um málið.
- Sæborg og Mínerva athuga með skemmikraft fyrir eldra stig (5 – 10 bekk) t.d. Ingó, Pál Óskar.....

#### 4. Mál.

Bekkjafulltrúamöppur og Heimili og skóli.

- Guðfinna ætlar að hringja í Heimili og skóla og panta möppur og athuga með námskeið fyrir bekkjafulltrúa.

5. Mál.

Önnur mál.

- Ákveðið að grafa upp gömul lög foreldrafélagsins.
- Það þarf að kanna hvernig lög um foreldrafélög eru almennt og hvort það sé skylda samkvæmt lögum að það sé foreldrafélag í skólum.
- Það þarf að tala við Pál Leó um að finna nýjan tengilið foreldrafélagsins við skólann í stað Magneu sem hefur verið undanfarin ár. Hún er nú staðsett upp í Hópsskóla.
- Ingvar ætlar að koma því áfram til þeirra sem sjá um heimasíðu að upplýsingar um foreldrafélagið séu réttar þar inni og uppfærðar eftir því sem við á.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið klukkan 22.30.

Sæborg ritaði.